

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/446
komudagur 29.11.2010



Utanríkismálanefnd Alþingis

Alþingi nefndasvið

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Umsögn um þingsályktunartillögu

(þskj. 93, 88 mál, 139. löggj.þ. 2010-2011)

Í þingsályktunartillögu þeirri sem hér er til umfjöllunar felst tillaga um að Alþingi álykti að fela dómsmála- og mannréttindaráðherra að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda eigi áfram aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins. Skuli halda slíka kosningu ekki síðar en 28. maí 2011.

Hinn 16. júlí 2009 ályktaði Alþingi eftirfarandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að ESB og að loknum viðræðum við sambandið verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um væntanlegan aðildarsamning. Við undirbúning viðræðna og skipulag þeirra skal ríkisstjórnin fylgja þeim sjónarmiðum um verklag og meginhagsmuni sem fram koma í áliti meiri hluta utanríkismálanefndar.“

Við meðferð ofangreinds máls á Alþingi lagði minni hluti utanríkismálanefndar fram breytingartillögu þess efnis að ríkisstjórninni yrði falið að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort Ísland skyldi sækja um aðild að Evrópusambandinu. Sú tillaga var felld. Að mati undirritaðra var á þessum tímavarki um að ræða hreint innanríkismál og engin sérstök rök mæltu gegn því út frá sjónarmiðum Evrópuréttar að ofangreind leið yrði farin.

Umsókn Íslendinga um aðild að Evrópusambandinu var afhent formennskuríki sambandsins þann 23. júlí 2009. Leiðtogaráð ESB samþykkti þann 17. júní 2010 að hefja viðræður við Ísland og hófst formlegt upphaf viðræðna 27. júlí s.á. Í þessu felst að öll 27 aðildarríki ESB

hafa samþykkt að hefja viðræður við Ísland. Nú stendur yfir rýnivinna Íslands og ESB sem felst í því að sérfræðingar framkvæmdastjórnar ESB og íslenska ríkisins fara yfir löggjöf beggja aðila í þeim 33 efnisköflum sem lagasafn ESB skiptist í til að greina hvar íslensk löggjöf er frábrugðin löggjöf sambandsins og hvað semja þarf um. Stefnt er að því að hefja eiginlegar samningaviðræður að rýnivinnunni lokinni.

Ekkert í umsóknarferli Íslands að ESB er öðruvísi en búast mátti við og Alþingi mátti vera fullkunnugt um hvernig umsóknarferlinu myndi vera háttað er það samþykkti að sækja um aðild að ESB. Frá því að umsóknin var lögð fram hefur mikið starf verið innt af hendi bæði innan ESB og í íslenskri stjórnslu. Gagnvart viðsemjendum okkar, ESB og 27 aðildarríkjum þess, væri í besta falli sérkennilegt að draga umsóknina til baka á þessu stigi eða setja ferlið mögulega í uppnám með samþykkt þingsályktunartillögu þeirrar sem hér er til meðferðar. Hefur slíkt aldrei gerst í sögu ESB. Það varðar Ísland miklu að halda góðum samskiptum við ESB og aðildarríki þess, ekki síst í ljósi aðildar okkar að EES-samningnum. Hins vegar hefur það gerst í sögu ESB að aðildarsamningur hefur verið felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu og verður sambandið að una við það að slík gæti orðið niðurstaðan hér.


Þá verður að telja að slík umskipti á afstöðu Alþingis gagnvart aðildarumsókn beri vott um stjórnmalalegan óstöðugleika. Er ástæða til að óttast öll slík neikvæð skilaboð gagnvart umheiminum geti skaðað hagsmuni Íslands Í þessum efnum er rétt að hafa í huga að samningsaðilar Íslendinga hafa lagt út í heilmikla vinnu og kostnað vegna umsóknarinnar í þeirri trú að Íslendingar ætli sér að klára samningaferlið líkt og allar aðrar þjóðir sem sótt hafa um aðild að ESB.

Að lokum má nefna að hvernig sem á málið er litið snýst umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu um mikilvæga hagsmuni Íslendinga og stöðu landsins í samfélagi þjóðanna. Er því mikilvægt, að áður en íslenska þjóðin gengur til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort hún vilji gerast aðili að ESB hafi þjóðin fengið tækifæri til að kynna sér málið vel. Verður að teljast útilokað fyrir íslenskan almenning að kynna sér málið með fullnægjandi hætti fyrir en fyrir liggur hvað kemur út úr aðildarviðræðum Íslands við ESB. Þá má gera því skóna að dræmt verði tekið í aðra umsókn Íslands um aðild og að það yrði Íslendingum

jafnvel að mörgu leyti torvelt að sækja aftur um aðild í fyrirsjáanlegri framtíð, ef niðurstaðan nú yrði sú að aðildarumsóknin yrði dregin til baka áður en samningaviðræðum er lokið.


Á grundvelli alls framansagðs þykir undirrituðum ekki ráðlegt á þessu stigi málsins að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort halda eigi áfram aðlögunar- og viðræðurferli Íslands og Evrópusambandsins.

f.h. Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík



Margrét Einarsdóttir, forstöðumaður

og LL.M í Evrópurétti



Stefán Geir Þórisson hrl.